

4. hefur ekki á því tímabili verið dæmdur til refsivistar eða til að sæta öryggisgæslu eða hælsvist samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, öðlast íslenskt ríkisfang með því að tilkynna dómsmálaráðherra skriflega þá ósk sína. Ákvæði 5. greinar eiga hér við.

C. Sá sem misst hefur íslensks ríkisfangs, og hefur síðan óslitið verið ríkisborgari í norrænu samningsríki, öðlast ríkisfang að nýju með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, enda hafi hann þá fengið lögheimili hér á landi. Ákvæði 5. greinar eiga hér við.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1982.

Barn, sem er fætt 1. júlí 1964 eða síðar, og hefði öðlast íslenskt ríkisfang, ef ákvæði 1. greinar 1. málgr. 1. tölul. hefðu verið í gildi við fæðingu barnsins, fær íslenskt ríkisfang er móðir þess gefur um það skriflega yfirlýsingu til dómsmálaráðuneytisins eigi síðar en 30. júní 1985, og þó því aðeins að móðirin sé íslenskur ríkisborgari, þegar yfirlýsingin er gefin, og barnið þá innan 18 ára aldurs. Til 31. desember 1982 má þó gefa slíka yfirlýsingu, þó að barn, sem fætt er á tímabilinu 1. júlí—31. desember 1964 sé orðið 18 ára, þá er yfirlýsingin er gefin. Barn, sem orðið er 15 ára þegar yfirlýsingin er gefin, þarf að lýsa samþykki sínu, svo að hún sé gild.

*Gjört í Reykjavík, 11. maí 1982.*

**Friðjón Þórðarson. Jón Helgason. Logi Einarsson.**  
(L. S.)

*Friðjón Þórðarson.*

Nr. 50.

11. maí 1982.

## L Ö G

**um breyting á lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38 24. apríl 1973.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

12. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli orðist svo:

Starfslíð þeirra stofnana, þar sem afplánun refsingar fer fram, skiptist í almennt gæslu- og þjónustulið og sérlært starfslíð.

Við hverja stofnun skulu starfa hæfilega margir fangaverðir til þess að gæsla sé örugg að mati ráðherra. Þar skal starfa sérlært starfslíð sem veitir þjónustu á sviði læknisfræði, sálfræði, félagsmála svo og skal þar vera kostur á þjónustu prests. Nánari ákvæði um slíka sérhæfða þjónustu skal setja í reglugerð. Einnig skal ákveða í reglugerð skilyrði til þess að vera ráðinn til starfa við fangagæslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. maí 1982.*

**Friðjón Þórðarson. Jón Helgason. Logi Einarsson.**  
(L. S.)

*Friðjón Þórðarson.*